

STIGUR + STRENGUR 0U





ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
Sí: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Hrafn Snorrason
Stakkanes 12
400 Ísafjörður

Ísafjörður, 25. júní 2019
2019060008

Efni : GRENN DARKYNNING

Á 521. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar þann 12.06.2019 var eftirfarandi erindi tekið fyrir: Inga Steinunn Ólafsdóttir sækir um lóð í Tungudal, sótt er um lóð á milli tveggja bústaða þ.e. á milli Lækjarhvamms og Fannardals. Lóðin er merkt nr. 49 á skipulagsupprætti Tunguskógar frístundasvæðis, fyrrgreindur uppráttur er ekki í gildi. Fylgigögn eru undirrituð umsókn dags. 03.06.2019.

Bókun: Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila grenndarkynningu og stofnun lóðar. Grenndarkynnt yrði fyrir eigendum bústaða aðliggjandi lóða þ.e. lóð 39 Hóll, lóð 41 Hálsakot, Lóð 48 Lækjahvammur og lóð 50 Fannardalur.

Bæjarstjórn samþykkti tillögu skipulags- og mannvirkjanefndar á fundi nr. 439 þann 20.06.2019

Meðfylgjandi er afrit af smækkuðum upprætti af fyrirhugaðri lóð.

Hér með er gefinn fjögurra vikna frestur til að gera athugasemdir við stofnun lóðar frá dagsetningu þessa bréfs eða til 25.07.2019.

Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal senda á eftirfarandi:

Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi Ísafjarðarbæjar,
Stjórnsýsluhúsinu Hafnarstræti 1,
400 Ísafirði – axelov@isafjordur.is

þar sem hægt er að fá nánari upplýsingar.

Komi engin athugasemd fyrir tilskilinn frest er litið á að erindið sé samþykkt að þinni hálfu.

Virðingarfyllst,


Axel Rodríguez Överby
- skipulags- og byggingarfulltrúi -

